

Fulltrúar í Skólaráði Víðistaðaskóla lýsa andstöðu við að þrengt sé að skólastarfi í starfsstöð Víðistaðaskóla í Engidal með því að bæta 5. og 6. bekk Barnaskóla Hjallastefnunnar inn í skólahúsnæðið. Fulltrúar furða sig á þessari ákvörðun og óska eftir framtíðarstefnu í húsnæðismálum skólans. Á sama tíma er einnig verið að taka meira húsnæði undir skjalasafn bæjarins svo það er verulega þrengt að skólanum og því starfi sem fer fram þar. Bætist Barnaskóli Hjallastefnunnar við í Engidal verða fjórar stofnanir sem samnýta skólahúsnæðið. Árið 2010 var Engidalsskóli sameinaður Víðistaðaskóla og kollvarpaði sú aðgerð skólastarfi í Engidal. Nú í ár er fyrsta árið sem starfið virðist vera að öðlast festu og starfsfólki er farið að líða betur í starfi. Þessi aðgerð hefur áhrif á líðan starfsfólks og raskar þeirri ró sem komin var eftir fimm ára sameiningarferli.

Fulltrúar benda einnig á að þrengt verður með þessu að starfi frístundaheimilisins Álfahrauns sem samnýta þarf hluta af húsnæði sem þau höfðu til umráða og höfðu þau áður óskað eftir stærra húsnæði undir starfsemi sína. Í Álfahrauni eru að jafnaði um 80-90 börn daglega eftir skóla og þarf því að geta boðið upp á góða aðstöðu. Nemendur í 1.-4. bekk í frístundaheimilinu Álfahrauni munu þurfa að deila húsnæði með nemendum í 5.-6. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Ef nægt pláss er í húsnæðinu finnst okkur eðlilegra að aukið hefði verið við pláss til notkunar í frístundaheimilinu þar sem þröngt er um þau börn sem þar ljúka deginum.

Foreldrar sem eru með börn á miðstigi í hverfinu við Engidalsstarfsstöðina furða sig á því að sveitafélagið bjóði þeim upp á að senda börn sín yfir Hjallabrautina í Víðistaðaskóla vegna plássleysis í Engidal á meðan einkarekinn skóli fær afdrep í því húsnæði sem sveitarfélagið á og hýsti áður nemendur á miðstigi.

Það skal tekið fram að þetta bréf beinist ekki á neinn hátt gegn Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Spurt er um framtíðarstefnu í húsnæðismálum Víðistaðaskóla í Engidal?

Er stefnt að því að 7. bekkur Barnaskóla Hjallastefnunnar komi inn í skólahúsnæðið skólaárið 2016-2017?

Skólaráð Víðistaðaskóla

Elisa Vg.
Sindri Blær Guðrún J. Hallgrímsdóttir
Hilma Inga Björnsdóttir
Sverris Kristján Kristjánsson
Helga Agústsdóttir
Hrónn Þerurþórsdóttir